

13. Umbúðir um Guttae A-D-vitamini aquosae og Guttae A-D-vitamini fortiores, sem ætlaðar eru til lausasölu, sbr. Viðauka 1, skal auðkenna sérstökum miða, sem á er letrað:

Sterkir A-D-vítamíndropar. Mesti skammtur handa börnum er 4 dropar á sólarhring.

2. gr.

Í Viðauka 1, undanþágur varðandi lausasölu nokkurra lyfja samkvæmt 14. gr. b., undir liðnum Calciferolum, komi svohljóðandi breyting:

Lyf, jurtaf eða lyfjasamsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Calciferolum	Lausnir, er innihalda 7000 alþ.ein. af D-vítamíni í grammí, svo og lyf í afmældum skömmtum, er innihalda 1000 alþ.ein. eða minna.		Guttae A-D-vítamíni aquosae, Guttae A-D-vítamíni fortiores.

3. gr.

Í niðurlagi Viðauka 1, undanþágur varðandi lausasölu nokkurra lyfja samkvæmt 14. gr. b., þar sem talin eru þau lyf, sem má láta úti án lyfseðils, ef þau eru notuð til dýralækninga, koma 2 nýir töluliðir:

5. Tiabendazolium NFN (og tilsvarendi sérlyf).
6. Tetramisolium INN (og tilsvarendi sérlyf).

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 23. gr. lyfsölugaga nr. 30 29. apríl 1963, gengur í gildi 1. apríl 1968.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. desember 1967.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

21. desember 1967.

Nr. 175.

AUGLÝSING

um breytingar og viðauka nr. 2 á Lyfjaverðskrá II frá 10. ágúst 1966.

Frá og með 28. desember 1967 ganga í gildi breytingar útgefnar í dag á Lyfjaverðskrá II frá 10. ágúst 1966.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. desember 1967.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.